

Starfsskýrsla miðstigi, 5. – 7. bekkur 2020-2021

Nemendur: Í vetur voru 22 nemendur í 5.-7. bekk. Tvær bekkjardeildir tengdust stiginu, 6.-7. bekkur (17 nem.) var ein bekkjareining og 4.-5. bekkur (12 nem.) önnur og tengdist sú bekkjareining því stiginu að hálfu leyti. Þrír nýir nemendur komu í 7. bekkinn á þessu skólaári. Sara Nadía Gunnarsdóttir kom inn í upphafi skólaársins, Sigríður Katla Kristbjörnsdóttir í lok september og Erla Donna Þorsteinsdóttir eftir áramót.

Umsjónarkennari 6.-7.b. var Guðbjörg Viðarsdóttir og 4.-5. bekkjar Halla Gunnarsdóttir.

Stigsfundir – Ekki var fastur fundatími en þeim mun fleiri íhlaupafundir hjá GV og HG þegar skipuleggja þurfi hina ýmsu atburði. Nokkrir stærri fundir voru haldnir (aðallega með yngsta stiginu) þegar skipuleggja þurfti stærri viðburði þar sem tvö eða fleiri stig unnu saman.

Aðstaða

Bekkirnir voru með sínar heimastofur, 6.-7. b. í Kluftum og 4.-5. í Kisubotnum. Umsjónarkennarar gátu nánast alltaf nýtt stofuna til undirbúnings í sínum götum.

Í bekkjarstofunum eru borðtölvur (kennaratölva í báðum stofum og tvær borðtölvur í auki í Kisubotnum) og skjávarpar en auk þessa er gott aðgengi að spjalddölvum, hver nemandi í 6.-7. bekk með merktan iPad til að nota einungis í skóla og 4.-5.b. með nokkra iPada í sinni stofu (seinni hluta vetrar var kominn iPad á mann). Allir kennarar hafa til afnota iPad sem er liður í því að efla kennara við að nýta sér spjalddölvur í kennslu. Boðið var upp á heimanámsaðstoð 1x í viku, tíminn var á miðvikudögum frá kl. 15:10-15:50 og var Alma Jenný Sigurðardóttir kennari.

Þó nokkrir nemendur miðstigs voru margir viljugir að sækja þennan tíma.

„Körfureglan“ var í gildi í vetur hjá 6.-7. b. en hún snýr að því að nemendur setja símana sína í þar til gerða körfu þegar kennslustundin hefst og nota síma ekki á meðan á kennslustund varir nema með leyfi kennara. Átakið „símalausar frímínútur“ var í gildi. Brot á reglunum varðaði ákveðin viðurlög (sjá skólareglur).

Boðleiðir og foreldrasamstarf

Heimavinnuáætlun mun alltaf vera skráð í mentor.is svo og aðrar upplýsingar um námgreinarnar s.s. námsmat og námsáætlanir. Það er því nauðsynlegt, bæði fyrir foreldra og nemendur að venja sig á að kíkja þar inn á hverjum degi.

Önnur samskipti og upplýsingar voru sendar í tölvupósti til foreldra. Guðbjörg hélt úti öflugri bekkjarsíðu (fyrir 6.-7.b.) þar sem „vikufréttirnar“ birtust og nemendur og aðstandendur höfðu aðgang að, síðan er á „sway“ formi og Halla var með öflugra facebook-síðu fyrir sína nemendur þar sem hún fjallaði um viðburði vikunnar.

Fyrir liggur skriflegt leyfi frá öllum foreldrum/forráðamönnum nemenda í 5.-7. b. er varðar leyfi þeirra til þess að skólinn megi nota myndir af nemendum í skólastarfi.

Samvinna og samstarf kennara á miðstigi.

Samstarf milli 5.-7. bekkjar var með svipuðu sniði og undanfarin ár með sameiginlegum uppbrotsverkefnum.

Samvinna er milli Flúðaskóla og Þjórskóla varðandi nemendaheimsóknir í 7. bekk. Markmið heimsóknanna er annars vegar að nemendur kynnist innbyrðis og að nemendur Þjórskóla kynnist væntanlegu skólaumhverfi sínu. Sett var upp plan þar sem nemendur hittust 5 sinnum, tvisvar í Þjórskóla og þrisvar í Flúðaskóla.

Skipulagið fór því miður allt úr skorðum vegna covid-19 og náðust einungis tvær heimsóknir í vetur, báðar þannig að Þjórskóli kom í heimsókn í Flúðaskóla.

Skólastarf

Skólinn var settur mánudaginn 24. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá strax daginn eftir.

Enginn hópforeldrafundur var haldinn þetta haustið en einstaklings-foreldraviðtöl voru miðvikudaginn 23. sept. Flest viðtölin fóru fram sem fjarfundur, ýmist sem símaviðtal eða einhvers konar myndsímtal.

Gönguferð. Fimmtudaginn 10. sept. stóð til að allur skólinn færi saman í gönguferð en henni var frestað vegna rigningar og var reyndar aldrei farin þetta haustið.

Vegna breyttra aðstæðna í samfélaginu var skóli á Réttardaginn (11. september). Foreldrar sóttu um leyfi fyrir þau fáu börn sem fengu að fara í réttirnar. Í sárabætur fyrir að fá ekki að fara í réttirnar var haldin loftboltahátíð í íþróttahúsinu þar sem stigin skiptust á að leika sér með loftbolta.

Ólympíu-hlaupið (15. sept.) gekk alveg glimrandi enda nánast logn og nokkuð hlýtt, sem sagt afar gott hlaupaveður. Mikil þátttaka var í hlaupinu meðal nemenda skólans eða um 94 %. Sumir nýttu hlaupið sér til ánægju og heilsubótar en aðrir tóku að auki súper vel á því og hlupu eins og vindurinn.

Um miðjan september kom Kolbrún „ lestrarstýra“ færandi hendi og gaf öllum sem höfðu tekið þátt í sumarlestinum skemmtilega glaðninga. Alltaf gaman að fá klapp á bakið fyrir vel unnin störf!

Áfram var haldið með lestrarsamninginn frá því í fyrra. Undantekningarlaust tók fólk þátt í þessu verkefni og vonandi hefur það haft sitt að segja. Samningurinn samanstendur af fjölda daga sem á að lesa heima, skráningu lesturs og markmiðasetningu.

Samræmd próf voru hjá 7. bekk 24. og 25. sept. Íslenskupróf var þann 24. og stærðfræðipróf þann 25. Nemendur fengu köku seinni daginn frá mótuneytinu að loknum próf. Umsjónarkennari bakaði til gamans snúða eftir fyrra prófið. Prófin voru á rafrænu formi og gekk fyrirlögn vel. Nemendur byrjuðu undirbúning fyrir prófin strax í þriðju skólavikunni og æfðu bæði rafrænt og skriflegt. Skólastjóri sendi þá einnig foreldrum kynningarbréf varðandi prófin.

Nemendur fengu niðurstöður sínar fá MMS í bókstöfum sem nú var nýbreytni (og er þá MMS búið að ná að uppfæra sig og gefa einkunn samkvæmt námskránni sem tók gildi 2016).

Niðurstöður birtust nemendum ekki fyrr en í byrjun nóv. (Endurtek orð mín frá fyrra ári: „Ótrúlega sein skil í tölvutækum heimi“).

Bjössu og Agnes eigendur „Gömlu laugarinnar“ buðu öllum nemendum Flúðaskóla í laugina. Þriðjudaginn 29. sept. fór 4.-7.bekkur í laugina og skemmtu sér hið besta. Heilmikil rigning en mjög góð ferð.

Samstarf var milli 1.-7. bekkar í tengslum við „Evrópska tungumáladaginn“ . Nemendur unnu í aldursblöndum hópum og gekk verkefnið vel og var skemmtileg. Hver hópur átti að þýða og leika hinn sívinsæla brandara um tómatana tvo á sitt hvert tungumálið. Einnig áttu þeir að segja tölurnar 1-10 á því tungumáli sem þeir fengu í hendur. Í lokin komu allir nemendur saman og sýndu afrakstur sinn.

Í lok október var Hrekkjavökunni gerð góð skil. Skólinn var skreyttur og allir gerðu grímur og tóku þátt í alls kyns uppbroti. Viðurkenna þarf að sumt var þínu hryllilegt en annað bara venjuleg verkefni sem voru skreytt „Halloween-myndum“. Dæmi um eitt slíkt var ritunarverkefni þar sem nemendur skrifuðu stutta sögu þar sem þeir reyndu að koma inn orðunum sem hafa verið á dagskrá í verkefninu „Orð af orði“. Nemendum gekk vel að skrifa sögurnar en orðin voru ennþá þeim alltof framandi til að þeir geti nýtt þau öll án hjálpar.



1.-7. bekkur kom saman og spilaði „Hrekkavöku-bingó“. Í vinning var frekar „hryllileg upplifun“. Hún var á þá leið að setja höndina í fötu sem innihélt eitthvað frekar ógeðslegt s.s. eins og norna-fingur, skrímsla-augu, skrímsla-eyru, zombie-heila og fleira ógeðslegt. Eftir bingóið fengu svo allir að taka áskorun um að prófa þetta allt ef þeir vildu. Í lok dagsins í dag spiluðum við „Hrekkjavökukviss“ og fengum popp að maula á.




Í tengslum við „Dag íslenskrar tungu“ komu 1.-7. bekkur saman og unnu ýmis verkefni í tilefni hans. Engir foreldra máttu kom vegna covid-19 svo dagurinn var með öðru snið en venjulega.

6.-7. bekkur túlkaði ljóð eftir Jónas Hallgrímsson á myndrænan hátt. 6. bekkur myndskreytti ljóðið Heiðlóarkvæði og skrifaði það einnig með spariskriftinni sinni. 7. bekkur las og myndskreytti ljóðið Móðurást og svo stendur til að lesa það upp fyrir aðra bekki þegar tækifæri gefst og opna þar með „Stóru upplestrarkeppnina í 7. bekk“.

1.-7. bekkur vann líka í sameiningu skemmtilegt verkefni. Það var þannig að allir nemendur fengu eitt orð sem þeir höfðu aldrei heyrt áður. Nemendur áttu svo að giska á það hvað orðið merkir og teikna mynd. 3-4 nemendur fengu reyndar sama orðið en unnu hver í sinni stofu og útkoman var vægast sagt mjög skemmtileg.

Dæmi um orðin sem nemendur unnu með eru:

Lækjarkatrín, Konungur, Krummaolía, Letigarður, Posasnigill, Jakobsepli, Fjósni, Gangfluga, Hundabörkur, Ustur, Bónmeri, Fishæll, Pilsgopi.



Menningarferð miðstígs var að veruleika 15. desember eftir að fresta þurfti henni 5 sinnum. Það hefur því óneitanlega mikill tími farið í ekki neitt hjá skipulagstjórn en svona er lífið á covid-tímum. Öllum til gleði tókst að fara og var ferðin hin skemmtilegasta.

Farið var af stað strax af stað um morguninn og komum ekki heim fyrr en upp úr 5.

Fórum beint í Perluna og fengum eiginleg að sjá allt þar sem er í boði. Íshella, risastórt fuglabjarg, jarðfræðisýningu, norðurljósabíó og sýningu sem heitir: „Vatnið í náttúru Íslands“. Hægt er að skoða þetta nánar ef farið er á heimasíðuna: <https://perlan.is/syningar/>

Eftir sýninguna fengum við okkur hádegisnesti (frá skólanum) og brunuðum svo beint í Þjóðminjasafnið þar sem við 5. bekkur fór á Landnámssýninguna og 6.-7. bekkur á kynningu um miðaldarárin á Íslandi.

Svo var komið að trompinu sjálfu en það var keila í Egilshöll. Allir í svaka stuði og skemmtu sér vel.

Rútuferðin gekk vel og allir voru kurteisir og skemmtilegir í ferðinni.

Hver bekkjareining fékk 10 tíma skáknámskeið í vetur, 5 tíma á haustönn og 5 á vorönn. Árni Hilmarsson sá um kennsluna en umsjónarkennari fylgdi með.

Um miðjan febrúar hófust svo skákæfingar í Flúðaskóla og eru þær opna öllum nemendum. Æfingarnar voru á fimmtudögum frá klukkan 15:00-16:00.

Halldórsmótinu (sem vanalega er haldið í kringum afmælisdag Halldór húsvarðar) var frestað vegna covid-19 en það hafðist svo að halda það skömmu eftir áramót. Margt er breytingum háð í covid og fögnuðum við

Því að mótið skyldi vera haldið þótt engar væru vöflurnar og enginn glassúrinn þetta sinnið. Keppt var í tveimur flokkum eins og endranær, 3.-7. bekk og svo 8.-10. bekk.

Sameiginlega skreytti 1.-7. bekkur ganginn með jólasveinahausum og jólatrjám.



Jólahringekja hjá 1.-7. bekk var haldin fimmtudaginn 10. des. Vegna covid-19 þurftum við að halda bekkjunum aðskildum en allir unnu þá sömu verkefni. Kennarinn var kyrr á stöð og bekkjareiningin kom til hans. Fjórar stöðvar í 40 mín hver, sem sagt fjögur verkefni, Segulfígúra, pakkaskraut úr leir, jólasveinamynd-hönd notuð til að mála, jólasveinn málaður á greinar (ekki mynd af því).



Ekki var hægt að halda hefðbundin Litlu- jól vegna covid-19. EN þess í stað voru bar stofujól með pakkaleik, jólasögu og leikjum. Skólinn gaf hverjum nemanda jólasveinannammipoka í sárabætur vegna

samkomutakmarkanna. (Pakkinn átti að kosta að hámarki 1000 kall)

Viðtalsdagur 14. janúar. Í kjölfar námsmats fengu allir viðtalstíma (nemendur og foreldri) Allir (foreldrar og nemendur) áttu að vera búnir að skoða vel námsmatið inn á mentorinum, áður en þeir kæmu í viðtalið. Einnig voru allir beðnir um að svara spurningalista inn á mentor, undir frammistöðumat (er inn á gamla mentor/fjölskylduvef). Nemandi svarar en foreldrar eru beðnir um að vinna listann með barni sínu því þar koma mörg atriði fram sem kveikja umræður.

Talsverður misbrestur var á því hvort fólk var búið að skoða mentorinn og fylla út frammistöðumatið áður en komið var í viðtalið. Foreldraviðtalið var með svipuðu sniði og í haust vegna covid-19. Kennarar töldu þennan dag vera of nálægt áramótum, þ.e. oft lítill tími til að klára námsmatið.

Föstudaginn 15. janúar fengum við skemmtilega heimsókn en það var Þorgrímur Þránínsson sem kom með fyrirlestur sem bar heitið „Skapandi skrif“. Hann las upp úr bók sem kemur út um næstu áramót og vorum við fyrstu áheyrendurnir til að heyra hana. Það mjög spennandi og virtist bókin góð eins og allar hans bækur. Þorgrímur lagði mikla áherslu á að krakkarnir væru duglegir að lesa því þannig myndi maður ná tökum á svo ótal mörgu og efla sjálfstraust sitt. Þorgrímur sendi okkur svo bókina (í tölvupósti) og var Halla byrjuð að lesa hana fyrir nemendur sína.

Í vikunni 18.-22. jan. fengu krakkarnir í 6.-7. b. góða heimsókn. Þetta voru tveir strákar (Snorri og Jakob) sem vinna hjá Árnastofnun og voru þeir að kynna okkur sögu gömlu handritanna. Verkefnið heitir „Handritin heim“ og er ætlað krökkum í 6. bekk (7. bekkur fékk auðviðað að fljóta með) og stendur yfir núna vegna þess að það eru 50 ár liðin síðan Íslendingar fengu handritin aftur frá Dönum (1971). Strákarnir sem komu til okkar voru með ýmislegt dót meðferðis m.a. þykka bók skrifaða á kálfskinn, fjaðrir sem notaðar eru fyrir penna, kálfsinn og litla „krús“ sem notuð var undir blek en er í alvörunni þvaðblaðra úr svíni. Heimsóknin tókst vel og skýrði vel fyrir okkur þennan

Þjóðararf okkar sem handritin eru (sjá myndir). Hér fylgir vefslóð ef einhver vill kynna sér þetta betur:
<https://hirslan.arnastofnun.is/kennslustund>

Þegar þorinn gekk í garð veltu nemendur þabba sínum svolítið fyrir sér og fengu þabbarnir glaðning frá sínu barni. Það var blað með áhugaverðum hugrenningum um hann. Þorablót miðstigs var haldið með pompi og prakt þriðjudaginn 2. feb. (í fyrri tveim tímunum eftir hádegi) og allir stóðu sig vel í sínum flutningi. Krakkarnir í 6. b. lásu upp pistlana sína um þorramatinn og gerðu það allir eftir sinni bestu getu svo glæsileiki lá í loftinu. Krakkarnir í 7.b. stóðu sig ekki síður vel er þeir fluttu með tilþrifum frumsamið efni um hitt kynið (svokalla „Minni kvenna og karla“). 5. bekkur var líka með skemmtilegt innlegg um gamla leiki þar sem glærusýning, upplestur og vídóisýning bar á góma. Ansi misjafnar sögur fara af smökkun og áti á þorramatnum sjálfum en það var samt bara gaman. Við sungum saman Þorraþræl og svo kepptust kynin um að syngja lofsöngva til heiðurs hvors annars og með hjálp youtube og kennaranna ómaði söngurinn bara nokkuð kröftuglega.



~ Pabbi minn ~
bóndadagurinn 2021

Nú ertu _____ ára gamall

Og þú vinnur _____

Það skemmtilegasta sem ég geri með þér er að _____

Þú ert sterkur eins og _____

Þú syngur eins og _____

Þú hleypur eins og _____

Þú ert bestur í _____

Þér finnst gaman að _____

Mér finnst þú góður af því að _____

Skilaboð til þabba: _____

Matinn fengum við úr mötuneytinu (muna að biðja kokkinn um það sem við viljum). Í þetta sinnið vantaði hangikjöt og fannst krökkunum það miður. Auk mötuneytismatarins bökuðu krakkarnir lummur í heimilsfræði.

Tannverndarvikan var vikuna 1.-5. feb. og nú beindum við athyglinni að glerungnum á tönnunum okkar. Ræddum um áhrif sýru á hann en sýran leyndist víða t.d. í nær öllum gosdrykkjum, jafnt sætum sem sykurlausum, ávaxtasöfum og orkudrykkjum. Við erum að vinna verkefni þar sem við þælum einnig í sykurmagni og koffíni í drykkjum. Foreldrar fengu líkasendan póst frá Sigríði skólahjúkrunarfræðingi um tannvernd. Það er áhugaverð umræðanum orkudrykkina sem krakkar og unglingar þamba í tíma og ótíma. Í textanum segir m.a.

Ekki ætti að nota orkudrykki til að slökkva þorsta eftir íþróttæfingar eða á meðan á þeim stendur. Það getur aukið vökvatap líkamans enn frekar vegna áhrifa koffíns á þvagmyndun. Einnig getur neysla á orkudrykkjum samhliða hreyfingu valdið hjartsláttartruflunum. Mikilvægt er að foreldrar og forráðamenn barna fylgist með því að þau séu ekki að neyta orkudrykkja sem henta þeim ekki.

Öskudagsskemmtunin var á sínum stað. Foreldrafélagið sá um tunnugerðina og nammipokana en fékk Guðbjörgu Viðarsd. til að sjá um leikina og stjórna skemmtuninni hjá yngra og miðstigi þar til kom að tunnuslættinum. (Árni Þór var fenginn til að sjá um unglingadeildina). Kennarar sem voru á vakt voru líka duglegir að hjálpa til og tókst skemmtunin mjög vel. Skemmtunin byggðist á leikjum, dansi, marseringu og Ásadansi. Hún gekk mjög vel og krakkarnir einstaklega virkir þátttakendur.

Vetrarfrí var í skólanum 22.-23. febrúar (mánud. og þriðjud.) og starfsdagur þann 24. sem kennarar unna af sér með því að hlusta á fyrirlestra og kynna þá netleiðina fyrir hinum.

Fimmtudaginn 11. mars var undankeppni fyrir Skólahreysti. Mið- og yngsta stigi var boðið að koma út í íþróttahús og fylgjast með.

Upplestrarkeppni 7. bekkjar hér í Flúðaskóla var haldin mánudaginn 15. mars í heimastofu 7. bekkjar. Þessi dagsegning var heldur seinni en vanalega en það var með vilja gert vegna fjöldatakmarkana í samfélaginu. Þegar opnaði fyrir gestagang var drifið í keppninni og máttu nemendur bjóða gestum. Auk þeirra horfði 6. bekkur á keppnina, enda sama einingin. Keppnin var stórglæsileg og krakkarnir frábærir. Í



lok keppninnar skáru dómara svo upp úrskurð sinn og voru það þær Ragnheiður Kristinsd. og Sara Nadía sem urðu okkar fulltrúar í keppni Uppsveita og Flóa og varamaðurinn okkar er Sigríður Katla. Til stóð að sú keppni myndi fara fram í Félagsheimilinu á Flúðum 14. apríl. Henni var hins vegar frestað og frestað þar til loks 18. maí að það tóks að halda hana, með takmörkunum þó. Einu gestirnir voru kennarar og tveir gestir hvers keppanda. Okkar keppendum gekk mjög vel þótt ekki hafa verðlaunin fallið okkur í skaut þetta árið.

Við þáðum boð Þjórarskóla að sjá generalprufu áshátíðarleikrits þeirra. Hún var mitt í æfingafærlu undirbúnings okkar árshátíðar en einhvern veginn tókst að koma heimsókninni við. Bið guldum því miður ekki greiðann þetta árið enda tæpt með heimsóknir vegna samkomutakmarkana.

Árshátíð 1.-7. bekkjar var haldin miðvikudaginn 24. mars (í síðustu vikunni fyrir páskafri). Á skóladagatali var hún skráð 28. okt. en vegna covid-19 var henni frestað. Þetta árið var þemað „Þjóðsögur“ og setti hver bekkjareining saman sitt eigið leikrit. Árshátíðin var þó með minna sniði þetta árið vegna yfirstandandi covid-vandkvæða og var hún haldin í Kvíadal í Flúðaskóla en ekki í Félagsheimilinu eins og vanalega. Umsjónarkennararnir unnu flotta vinnu við að koma salnum í skemmtilegan búning sem endaði á því að hann varð að litlu leikhúsi. Hvert heimili mátti bjóða tveimur gestum og héldum við tvær sýningar, fyrri klukkan 15:00 og sú seinni 16:30. Með þessu móti gátum við boðið öllum upp á sýningu í þessum litla sal. Í upphafi sungu allir krakkarnir kröftuglega „Tröllalagið“ og gaf það tóninn fyrir af skemmtilega samsetningu. Yngstu krakkarnir byrjuðu svo sín leikrit og svo koll af kolli þar til elsta bekkjareiningin 6.-7. stóð á sviði. Botninn var svo sleginn í hátíðina með því að allir krakkarnir sungu saman lagið „Í Hlíðarendakoti“ (Fyrir var oft í Koti kátt).

Á eftirfarandi slóð má sjá myndir samsettar af Guðbjörgu <https://youtu.be/qreZfzJw0wY>.

Til stóð að setja vídiósýninguna á netið en okkur er ekki kunnugt hver staðan er á því verki.



Nánast um leið og lokið var við að klappa fyrir Árs hátíðinni þurfti enn og aftur að skella skólanum í lás vegna samkomutakmarkana. Nemendur voru sendir í í páskafri tveimur dögum fyrir en til stóð en til allrar hamingju opnaði skólinn á ný eftir páskafrið.

Skíðaferð var reynd þetta árið en því miður urðu covid-takmarkanir til þess að ekkert varð úr henni. Það var því engin skíðaferð, hvorki skólaárið 2020-2021 né 2019-2020.

Dagur barnabókarinnar var í föstudaginn 11 apríl og af því tilefni hlustuðu bekkirnir á smásöguna „Svartholið“ eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur á úrvarpsrásinni Rás 1. Í sögunni er vísað í þekkt ævintýri en við erum einmitt að fjalla um einkenni ævintýra þessa dagana. Söguna má finna á eftirfarandi slóð:
<https://ibby.is/2021/04/01/smasagan-svartholid-i-tilefni-af-degi-barnabokarinnar-2021/>

Nemendur skólans tóku þátt í „Rusladeginum“ eins og hefð hefur verið fyrir lengi. Hann var haldinn föstudaginn 14. maí. Að launum fyrir vinnuna fengu krakkarnir pylsuveislu sem haldin var fyrir utan heimilisfræðistofuna.

Sundmót 5.-7. bekkjar var haldið miðvikudaginn 26. maí og voru sundtímar þessara bekkja nýttir í það (1.-4.b. kl. 10:15-11:35 og 5.-7.b. kl. 12:10-13:30). Guðbjörg stjórnaði mótinu og ásamt henni stóðu umsjónarkennarar vaktina og aðrir kennarar líka eða færðu til vinnu sína til þess að skipulagið gengi upp. Með allra hjálp heppnaðist mótið mjög vel. Við fengum svaka gott veður og allir voru í sólskinsskapi. Sundmótið er ekki bara keppni heldur líka leikir og sprell. Keppnisgreinarnar eru tvær á miðstigi 25m skriðsund og 50m bringusundi. Til úrslita syntu fjórir sundkappar í hverjum flokki.



Mánudaginn 31. maí skrapp 7. bekkur í Kópsvatnsás og tók þar þátt í útplöntun. Sigga á Fossi tók á móti okkur og kenndi okkur tókin. Allir voru hinir virkustu og stóðu sig vel. Í lok vinnunnar fengum við gos og góðgæti að launum, heppin við. Þessi útplöntun er samstarfsverkefni Skógræktarfélagss Hrunamannahrepps og Flúðaskóla þar sem 7. bekkur er þátttakandi. Verkefni hefur staðið frá árinu 2000.

Vorferð miðstigs var þriðjudaginn 1. júní og gekk alveg glimrandi vel. Allir voru kurteisir og skemmtilegir svo allt gekk eins og í sögu. Mikið fjör var auðvitað svo eflaust voru allir mjög þreyttir í lok dags. Við vorum heppin með bílstjóra og hann heppin með okkur, sagði alla vega við krakkana í lokin að þeir hefðu verið frábærir. (Jessss!)

Fyrsta stopp í ferðinni var á Skógum. Eftir nestisnart fengum við leiðsögn á Byggðasafninu sem að mestu snerti sjómennsku fyrir á tímum en einnig var fatnaður kvenna skoðaður ásamt tveim verðmætum söðlum. Næst fórum við um Samgöngusafnið þar sem alls kyns farartæki og símar af hinu ýmsu tagi vöktu helst athygli nemenda enda tengjast þessir hlutir áhugasviði fjölmargra í bekknum.

Við grilluðum pylsur á tjaldstæðinu við Skógafoss og gengum svo ýmist að fossinum eða upp ALLAR tröppurnar á útsýnispallinn. Mikið gaman-mikið fjör.

Eftir smá bleytu unnu krakkarnir stutt verkefni á útsvæðinu á Skógasafni en þar eru margar byggingar frá hinum ýmsu tímum Íslandssögunnar. (Sjá verkefnið hér neðst)

Síðasta stoppið var við Fossinn Gjúrabúa sem stendur við Hamragarða og þar slepptum við aðeins fram af okkur beislinu og sulluðum þínu. Lentum svo á Flúðum örþreytt kl. 16:45.

Vordagurinn sem var miðvikudaginn 2. júní frá kl. 10-12 var líka skemmtilegur. Vegna rigningar var hann haldinn inni í íþróttahúsinu. Öllum nemendum Flúðaskóla blandað í hópa, þvert á aldur og fór svo hver hópur á 11 mismunandi stöðvar sem skipulagðar voru af 11 kennurum. Hóparnir söfnuðu stigum og í lokin voru úrslitin tilkynnt.

Skólaslit Flúðaskóla 2021 voru föstudaginn 4. júní. Þau voru með svipuðum hætti og í fyrra.

1.-9. bekkur átti klukkutíma stund með umsjónarkennara sínum, hver í sinni stofu, og þar fengu nemendur m.a. afhentan vitnisburðinn. Allt nánara námsmat er svo að finna á mentorum.

Kennarar söknuðu þess að hópurinn hittist ekki allur saman á sal í smá stund, t.d. til að syngja nokkur lög og skólustjóri væri með smá tölu og sliti skólanum.

Eitt og annað

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna.

Í Flúðaskóla eru margir hugmyndaríkir nemendur. Við höfum verið svo heppin að mjög oft hafa nemendur frá okkur verið í úrslitum í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna. Þetta árið voru það þær Elísa og Evelína sem komust í úrslit í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna og fá viðurkenningarskjal fyrir það. Því miður verða engar smiðjur þetta árið vegna covid en engu að síður er mjög gaman að komast í úrslitin. Þeirra hugmynd var app sem heftir skjánotkun fólks.

Vinaliðaverkefni í Flúðaskóla

Vinaliðaverkefnið var áfram í gangi í Flúðaskóla. Árni Þór er aðalstjórinn í því verkefni. Í vetur var annað fyrirkomulag á því en áður. Nú voru allir nemendur 3.-7. bekkjar vinaliðar, tveir og tveir saman og skiptust á að stjórna leikjum í frímínútum. Á vorönn kom kennari á vegum Vinaliðaverkefnisins og var með námskeið í íþróttahúsinu fyrir nemendur í 3.-7. bekk. Nemendur lærðu fullt af nýjum leikjum sem vonandi nýtast vel á skólalóðinni og verða nemendum til gagns og skemmtunar.

Danskensla

Engin danskensla var í vetur.

Skáld í skólum

Verkefnið féll niður vegna covid-19 þetta skólaárið.

Hjúkrunarfræðingur

Sigríður Björg Ingólfsdóttir kom í skólann á þriðjudögum. Hún hitti miðstigskrakka í vetur samkvæmt áætlun 6-H, heilsunnar. Allir bekkir fengu einhverja fræðslu og þeir sprautu sem hana átti á fá.

Skáknámskeið í bekkjum

Hver bekkur fékk 10 tíma, sjá umfjöllun hér að ofan.

Vangaveltur

Það er áhyggjuefni hve ótryggt það er hversu mikið eða oft foreldrar fylgjast með skilaboðum og samskiptum frá skólanum, s.s. að lesa tölvupóst, mentorupplýsingar (bæði heimavinnu og námsmatsupplýsingar). Einnig er áhyggjuefni hversu illa þeir skila sér á almenna foreldrafundi þar sem oft á tímum er fræðsluefni sem erfitt er að finna annars staðar s.s. fyrirlesarar og annað.

Í skýrslu í fyrra stóð eftirfarandi klausa sem enn er í góðu gildi:

Í vetur var áframhaldandi vinna í þróun námsmats. Sú vinna er komin langt en þó er nokkurt misræmi enn til staðar. Nauðsynlegt er að gefa tíma í það starf á næsta skólaári. Við veltum t.d. fyrir okkur hvort skólinn ætti að setja skýra stefnu um það hvaða viðmið við ætlum að nota (Árnesþing, Aðalnámskrá grunnskóla

eða búa til okkar eigin í þeim greinum sem eru með orðalagið flókið og óljóst). Móta þarf skýrari stefnu í skólanum svo allir kennarar hafi sömu sýn á hvað táknin merkja, hvort sem verið er að tala um bókstafi eða önnur tákn. Einnig er ruglingslegt að stundum eru notuð þrjú tákn og stundum fjögur yfir framvindu (*-v-o-x) .

Margt af þessu er enn ekki á hreinu og skoða má vel hvort við ættum (í Flúðaskóla) að gera námsmatið á einhver hátt skýrara. Það eru ekki allir foreldrar eða kennarar að leggja sama skilning í öll hæfniviðmiðin. Orðalagið: Framúrskarandi-Hæfni náð-Þarfnast þjálfunar-Hæfni ekki náð er notað í flestum greinum en eru alls ekki viðeigandi alltaf og ættu þar að auki frekar að heita: Framúrskarandi-Hæfni náð-Á góðri leið-Hæfni ekki

Varðandi foreldradag eftir áramót töldu kennarar þann dag vera of nálægt áramótum, þ.e. oft lítill tími til að klára námsmatið.